

Ed. **187. Frumvarp til laga** [130. mál]
um breyting á lögum nr. 10 22. marz 1960, um söluskatt.
(Lagt fyrir Alþingi á 81. löggjafarþingi, 1960.)

1. gr.
Í stað orðanna „til ársloka 1960“ í 1. málslið a-liðs ákvæða til bráðabirgða komi: til ársloka 1961.

2. gr.
Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1961.

A thug a s e m d i r við lag a f r u m v a r p þ e t t a .

Pað er stefna ríkisstjórnarinnar að afgreiða fjárlög fyrir árið 1961 hallalaus, án þess að leggja á nýja skatta eða aðflutningsgjöld. Til þess að svo megi verða, er ekki unnt að fella niður á árinu 1961 söluskatt þann af innfluttum vörum, sem nú er í gildi samkvæmt a-lið ákvæða til bráðabirgða við lógin um söluskatt.